

13. apríl 2012
SÍ-83411

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með skeyti dags. 29. mars 2012 óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald, mál nr. 415 á 140. þingi. Meginbreytingin skv. frumvarpinu er að ákvæði 35.gr.a í nágildandi lögum um að kaup á fyrstu íbúð séu undanþegin stimpilgjaldi, gildi framvegis um öll íbúðakaup.

Seðlabankinn veitti í nóvember 2011 umsögn um frumvarp sama efnis (mál 44 á 140. þingi) og benti þá á þrjú atriði sem þyrfti að ígrunda áður en frumvarpið yrði að lögum: Í fyrsta lagi væri fjárhagur ríkisins afar þröngur og því lítið svigrúm til skattalækkana, nema að á móti séu aðrar tekjur tryggðar eða búið sé að skilgreina útgjöld sem eigi að skera niður. Í öðru lagi væri þörf á að skilgreina og þróa tæki til þjóðhagsvarúðar og þar gæti munað um áhrif af sveigjanlegri gjaldtöku af miklum og hagsveiflunæmum umsvifum svo sem íbúðaviðskiptum og -byggingum (sbr. Peningastefnan eftir höft, *Sérrit* Seðlabankans nr. 4, desember 2010). Í þriðja lagi var vísað til aukinna umsvifa á íbúðamarkaði síðustu misserin, sem drægi úr þörf á frekari örvun (sbr. umfjöllun í *Peningamálum* Seðlabankans 2011/4).

Þessar ábendingar eru enn í fullu gildi. Til viðbótar er vert að benda á að í þeim fjárhagsvanda sem nú blasir við mörgum íbúðaeigendum verður ríkisvaldið að velja vandlega hvernig það ver fjármunum til að bæta hag þeirra. Almenn niðurfelling gjalda á önnur eða þriðju íbúðakaup er tæpast markviss aðferð til þess.

Virðingarfyllt,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Pórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur